



Afkoma þriðja ársfjórðungs 2024

Íslandsbanki hf.

HELSTU ATRIÐI Í AFKOMU

Helstu atriði í fjárhagslegri afkomu þriðja ársfjórðungs 2024 (3F24)

- Hagnaður af rekstri nam 7,3 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi 2024 (3F23: 6,0 milljarðar króna). Arðsemi eigin fjár var 13,2% á ársgrundvelli (3F23: 11,0%).
- Hreinar vaxtatekjur námu 11,8 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi 2024 og lækkuðu um 69 milljónir króna frá 3F23.
- Vaxtamunur var 2,9% á þriðja ársfjórðungi, sá sami og á þriðja ársfjórðungi 2023.
- Hreinar þóknatekjur jukust um 4,9% samanborið við þriðja ársfjórðung 2023 og námu samtals 3,6 milljörðum króna á fjórðungnum.
- Hreinar fjármagnstekjur námu 228 milljónum króna á þriðja ársfjórðungi 2024, samanborið við fjármagnsgjöld að fjárhæð 193 milljónir króna á 3F23.
- Stjórnunarkostnaður nam 6,6 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi 2024, samanborið við 6,0 milljarða króna á 3F23, sem er 10,0% hækkun á milli ára.
- Kostnaðarhlutfall bankans var 41,4% á fjórðungnum. Kostnaðarhlutfallið var 39,0% á 3F23.
- Virðisbreyting fjáreigna var jákvæð um 860 milljónir króna á þriðja ársfjórðungi 2024 samanborið við virðisrýrnun sem nam 583 milljónum króna á þriðja ársfjórðungi 2023. Áhættukostnaður útlána (e. cost of risk) var -0,27 prósentustig á ársgrundvelli á þriðja ársfjórðungi 2024 samanborið við 0,19 prósentustig á sama ársfjórðungi 2023.
- Útlán til viðskiptavina drógust saman um 2,5 milljarða króna á fjórðungnum, eða um 0,2% frá öðrum ársfjórðungi og voru 1.274 milljarðar króna í lok þriðja ársfjórðungs 2024.
- Innlán frá viðskiptavinum jukust um 10,9 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi ársins 2024 frá öðrum ársfjórðungi 2024, eða um 1,2%. Innlán frá viðskiptavinum námu 927 milljörðum króna í lok fjórðungsins.
- Eigið fé nam 223,4 milljörðum króna í lok ársfjórðungsins, samanborið við 224,7 milljarða króna í lok árs 2023.
- Eiginfjárhlutfall var 23,4% í lok þriðja ársfjórðungs 2024, samanborið við 25,3% í árslok 2023. Samsvarandi eiginfjárhlutfall almenns þáttar 1 (CET1) var 20,2%, samanborið við 21,4% í árslok 2023, sem er 480 punktum yfir kröfum eftirlitsaðila, og hærra en fjárhagslegt markmið bankans um að vera með 100-300 punkta eiginfjár svigrúm umfram kröfur eftirlitsaðila. Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) er 19,6% af áhættugrunni. Bankinn hefur tilkynnt um áætlun sína að besta samsetningu efnahagsreiknings bankans fyrir árslok 2025, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Slíkt getur falið í sér ytri eða innri vöxt, og/eða útgreiðslu til hluthafa, með hefðbundnum endurkaupum á eigin hlutum, öfugu útboðsfyrirkomulagi eða sérstökum arðgreiðslum.

Helstu atriði í fjárhagslegri afkomu á fyrstu níu mánuðum ársins 2024 (9M24)

- Hagnaður af rekstri bankans á fyrstu níu mánuðum ársins 2024 nam 18,0 milljörðum króna (9M23: 18,4 milljarðar króna). Arðsemi eigin fjár var 10,9% á ársgrundvelli (9M23: 11,3%).
- Hreinar vaxtatekjur á fyrstu níu mánuðum ársins námu 36,4 milljörðum króna, sem er samdráttur um 1,3% á milli ára.
- Hreinar þóknatekjur drógust saman um 1,7% á milli ára, og námu 10,3 milljörðum króna á fyrstu 9 mánuðum ársins, samanborið við 10,5 milljarða króna á sama tímabili árið 2023.
- Hrein fjármagnsgjöld voru 507 milljónir króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2024, samanborið við fjármagnsgjöld að fjárhæð 214 milljónir króna á fyrstu níu mánuðum ársins í fyrra.
- Stjórnunarkostnaður var 21,3 milljarðar króna fyrstu níu mánuði ársins, ef frá er talin 470 milljón króna stjórnvaldssekt sem gjaldfærð var á öðrum ársfjórðungi, samanborið við 19,8 milljarða króna stjórnunarkostnað á fyrstu níu mánuðum ársins 2023, ef frá er talin gjaldfærsla að fjárhæð 860 milljónir króna vegna stjórnvaldssektar.
- Kostnaðarhlutfall bankans, leiðrétt fyrir stjórnvaldssektum, hækkaði úr 41,3% á fyrstu níu mánuðum ársins 2023 í 44,2% á fyrstu níu mánuðum ársins 2024.

- Virðisbreyting fjáreigna var jákvæð um 293 milljónir króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2024, samanborið við virðisrýrnun sem nam 13 milljónum króna fyrir sama tímabil árið áður.

Lykiltölur

		3F24	2F24	1F24	4F23	3F23
REKSTUR	Hagnaður tímabils, m.kr.	7.280	5.266	5.417	6.228	6.007
	Arðsemi eigin fjár	13,2%	9,7%	9,8%	11,2%	11,0%
	Vaxtamunur (af heildareignum)	2,9%	3,1%	3,0%	2,9%	2,9%
	Kostnaðarhlutfall ^{1,2}	41,4%	46,4%	44,9%	42,1%	39,0%
	Áhættukostnaður útlána ³	(0,27%)	(0,04%)	0,23%	0,33%	0,19%
		30.9.24	30.6.24	31.3.24	31.12.23	30.9.23
EFAHAGUR	Útlán til viðskiptavina, m.kr.	1.274.094	1.276.608	1.248.295	1.223.426	1.210.499
	Eignir samtals, m.kr.	1.622.458	1.595.896	1.643.707	1.582.694	1.643.600
	Áhættuvegnað eignir, m.kr.	1.021.243	1.019.494	1.015.161	977.032	986.355
	Innlán frá viðskiptavinum, m.kr.	927.011	916.127	879.554	850.709	864.189
	Útlán til viðskiptavina / innlán frá viðskiptavinum	137%	139%	142%	144%	140%
	Hlutfall lána með laskað láns hæfi ⁴	1,6%	1,8%	1,9%	1,8%	1,8%
LAUSAFÉ	Fjármögnunarhlutfall (NSFR), allir gjaldmiðlar	126%	123%	127%	124%	120%
	Lausafjárþekjuhlutfall (LCR), allir gjaldmiðlar	223%	190%	190%	195%	247%
EIGIÐ FÉ	Eigið fé samtals, m.kr.	223.388	216.501	215.718	224.693	219.694
	Eiginfjárlutfall almenns þáttar ⁵	20,2%	19,9%	19,9%	21,4%	20,9%
	Eiginfjárlutfall þáttar ⁵	21,2%	20,9%	20,9%	22,5%	21,9%
	Eiginfjárlutfall ⁵	23,4%	23,1%	23,6%	25,3%	24,6%
	Vogunarlutfall ⁵	13,0%	13,0%	12,6%	13,4%	12,7%
	MREL hlutfall ⁶	35,6%	35,6%	39,1%	41,3%	39,2%

- Reiknað sem: (stjórnunarkostnaður – einskíptisliðir) / (heildarrekstrartekjur – einskíptisliðir).
- Kostnaðarhlutfall undanskilur stjórnvaldssekt að fjárhæð 470 m.kr. á 2F24 og 100 m.kr. á 4F23.
- Neikvæður áhættukostnaður merkir að það hafi verið nettó tekjufærsla úr virðisrýrnunarsjóði.
- Stig 3, útlán til viðskiptavina, vergt bókfært virði.
- Að meðtöldum 1F24 hagnaði fyrir 31.3.24 og 3F23 hagnaði fyrir 30.9.23.
- MREL hlutfallið er birt að meðtöldu almennu eiginfé þáttar 1 sem er haldið til að mæta samanlagðri kröfu um eiginfjárlauka.

Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri Íslandsbanka

Rekstur Íslandsbanka á þriðja ársfjórðungi gekk vel og nam hagnaður 7,3 milljörðum króna og var arðsemi eigin fjár 13,2% á fjórðungnum, sem er yfir okkar fjárhagsmarkmiðum. Arðsemi eiginfjár á fyrstu níu mánuðum ársins var 10,9%, sem er einnig yfir fjárhagsmarkmiðum. Tekjur jukust um tæp 4% samanborið við sama ársfjórðung í fyrra og kostnaðarhlutfall var 41,4% á þriðja ársfjórðungi, og 44,2% fyrir fyrstu níu mánuði ársins, en markmið bankans er að það hlutfall sé undir 45%. Unnið hefur verið að straumlinulögun í rekstri með hagræðingu að leiðarljósi.

Í lok septembermánaðar héldum við vel sótt Fjármálaþing þar sem ný þjóðhagsspá Greiningar Íslandsbanka var kynnt fyrir viðskiptavinum. Að þessu sinni var einnig sérstök áhersla á landeldi og ljóst að mikil þörf verður á aðkomu fjármögnunaraðila í þessari vaxandi atvinnugrein á komandi árum. Mikil þörf er einnig á uppbyggingu og fjármögnun margvíslegra innviða og er bankinn vel í stakk búinn til að taka þátt í þeim verkefnum sem framundan eru.

Eignagæði eru áfram góð og hefur langvarandi hátt vaxtastig ekki haft teljandi áhrif á lánabók bankans, þó aðeins beri á auknum vanskilum á ótryggðum lánnum, en heildarfjárhæð ótryggðra lána bankans er lítil í samhengi við heildarumfang útlána. Fregnir af þverrandi verðbólgu á haustmánuðum og vaxtalækkunarákvörðun Seðlabankans í byrjun októbermánaðar voru því góðar fréttir og gangi spár greiningaraðila eftir mun verðbólga halda áfram að hjaðna á komandi mánuðum, sem ætti að skapa rými til frekari vaxtalækkana Seðlabankans.

Við leggjum mikla áherslu á að efla fjárhagslega heilsu viðskiptavina okkar og nýtum til þess margvísleg verkfæri. Að undanfögnu höfum við verið í samskiptum við viðskiptavini sem eru með lán þar sem komið

er að vaxtaendurskoðun og verið viðskiptavinum innan handar í krefjandi vaxtaumhverfi. Þá mun bankinn áfram leggja mikla áherslu á fræðslu um fjármál til að tryggja að viðskiptavinir okkar séu vel upplýstir um þá kosti sem í boði eru.

Helstu atriði úr rekstri á þriðja ársfjórðungi 2024 (3F24)

- Bankinn hélt endurkaupum á eigin bréfum áfram á þriðja ársfjórðungi í samræmi við áætlanir sínar um útgreiðslu á umfram eigin fé að fjárhæð 10 milljarðar króna á árinu 2024. Endurkaupin eru liður í bestun á samsetningu efnahagsreiknings bankans sem áætluð er fyrir lok árs 2025, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna, og gætu falið í sér vöxt eða útgreiðslu á fjármunum, eða hvort tveggja. Á þriðja ársfjórðungi keypti bankinn eigin hluti fyrir um 816 milljónir króna, eða um 0,4% af útgefnum hlutum. Frá upphafi endurkaupa í febrúar 2023 hefur bankinn keypt ríflega 87 milljónir eigin hluta, eða sem nemur um 4,36% af útgefnum hlutum. Í lok þriðja ársfjórðungs 2024 hefur bankinn þegar keypt eigin hluti fyrir um 4 milljarða króna, af þeim 10 milljörðum króna sem þegar hefur verið tilkynnt um að nýttir verði til útgreiðslu á umfram eigin fé á árinu.
- Seðlabanki Íslands gerði ekki breytingar á stýrivöxtum á fjórðungnum og voru þeir 9,25% á tímabilinu. Íslandsbanki gerði breytingar á vöxtum á þriðja ársfjórðungi, sem meðal annars fólu í sér að vextir á verðtryggðum húsnæðislánum hækkuðu um 0,40-0,50 prósentustig, almennir verðtryggðir kjörvextir hækkuðu um 0,75 prósentustig og óverðtryggð húsnæðislán lækkuðu um allt að 0,35 prósentustig. Vextir á verðtryggðum sparnaðarreikningum hækkuðu einnig um 0,20 prósentustig, og vextir á óverðtryggðum veltu- og sparnaðarreikningum lækkuðu um allt að 0,40 prósentustig.
- Greining Íslandsbanka birti þjóðhagsspá fyrir árin 2024-2026 í september. Spáin er aðgengileg [hér](#).
- Nýtt met var slegið í áheitasöfnun samhliða Reykjavíkummaraðoni Íslandsbanka í ágúst þegar meira en 257 milljónir króna söfnuðust. 169 góðgerðafélög og samtök njóta góðs af söfnunarhluta Reykjavíkummaraðons Íslandsbanka í ár, sem heldur áfram að vera stærsti góðgerðarviðburður hér á landi ár hvert.

Atriði úr rekstri eftir að ársfjórðungi lauk

- Þann 2. október 2024 tilkynnti peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands um ákvörðun sína að lækka stýrivexti um 0,25 prósentustig, sem er fyrsta ákvörðun um lækkun stýrivaxta síðan í nóvember 2020. Íslandsbanki lækkaði í kjölfar vexti á óverðtryggðum útlánum og innlánum um 0,25 prósentustig.
- Skilavald Seðlabanka Íslands (skilavaldið) samþykkti þann 4. október skilaáætlun fyrir Íslandsbanka og þar með ákvörðun um hæfar skuldbindingar (MREL), sem uppfylla þar með hliðsjón af áhættugrunni (e. *TREA – total risk exposure amount*) og heildarmælistærð áhættuskuldbindinga (e. *TEM – total exposure measure*). Samkvæmt ákvörðun skilavaldsins er MREL-TREA bankans 19,6% og MREL-TEM bankans 6%. Undirskipaður hluti MREL bankans jafngildir 13,5% af áhættugrunni. Ákvörðunin tekur gildi frá dagsetningu tilkynningarinnar. Bankinn telst nú þegar uppfylla MREL.
- Íslandsbanki hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogar Félags kvenna í atvinnulífinu sjötta árið í röð. Viðurkenningin er til marks um góðan árangur á sviði jafnréttismála og staðfesting á virkni og áhrifum jafnréttisstefnu Íslandsbanka.

Afkomuefni

Ítarlegri umfjöllun um rekstur og afkomu Íslandsbanka má finna í enskri útgáfu fréttatilkynningarinnar sem finna má í viðhengi (íslenska útgáfan veitir aðeins yfirlit yfir helstu þætti uppgjörsins, fjárfestafund og fjárhagsdagatal). Sé misræmi á milli tilkynninga á íslensku annars vegar og ensku hins vegar, gildir enska útgáfan.

Fyrirvari

Framangreind fréttatilkynning gæti vísað til spár um framtíðarhorfur sem er háð áhættu- og óvissuþáttum og getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari fréttatilkynningu. Íslandsbanki hf. hefur ekki skyldu til að, og mun ekki, uppfæra þessar spár um framtíðarhorfur félagsins til að endurspegla atburði og aðstæður sem eiga sér stað eftir útgáfu þessarar fréttatilkynningar. Það er á ábyrgð fjárfestis að reiða sig ekki seinna meir á spár um framtíðarhorfur sem eru settar fram í þessari fréttatilkynningu þar sem þær eiga eingöngu við



á þeim tíma sem hún er gefin út. Spár um framtíðarhorfur gefa ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur og eru allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins fullgildar í heild sinni með tilliti til þessa fyrirvara.

FJÁRFESTATENGLS

Vefstreymi fimmtudaginn 24. október 2024

Íslandsbanki mun halda afkomufund/vefstreymi fimmtudaginn 24. október 2024 kl. 8.30 fyrir fjárfesta og markaðsaðila. Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri og Ellert Hlöðversson, fjármálastjóri munu kynna afkomu bankans og helstu atriði í rekstri hans á þriðja ársfjórðungi ársins 2024. Fundurinn fer fram á ensku.

Fundurinn verður aðgengilegur í gegnum hlekk á vefsvæði [fjárfestatengsla](#) á vef bankans. Upptaka af fundinum verður aðgengileg á sama stað að honum loknum. Þátttaka, og möguleikinn á að bera fram skriflegar spurningar, fer fram á [þessari síðu](#). Markaðsaðilar geta einnig hringt inn á fundinn og lagt fram spurningar munnlega með því að skrá sig á [þessari síðu](#). Að skráningu lokinni færðu afhent símanúmer og auðkenni fyrir fundinn. Allar upplýsingar um fundinn má finna [hér](#).

Nánari upplýsingar veita fjárfestatengsl Íslandsbanka í gegnum netfangið ir@islandsbanki.is.

Fjárhagsdagatal

Stefnt er birtingu árshluta- og ársuppgjörs á eftirfarandi dagsetningum:

Árshlutauppgjör fjórða ársfjórðungs 2024/Ársuppgjör 2024 – 13. febrúar 2025

Aðalfundur – 20. mars 2025

Árshlutauppgjör fyrsta ársfjórðungs 2025 – 8. maí 2025

Árshlutauppgjör annars ársfjórðungs 2025 – 31. júlí 2025

Árshlutauppgjör þriðja ársfjórðungs 2025 – 30. október 2025

Frekari upplýsingar um fjárhagsdagatal Íslandsbanka fyrir árið 2025 eru aðgengilegar á [vef bankans](#). Dagsetningar eru birtar með fyrirvara um breytingar.

Fjárfestaefni

Allt fjárfestaefni mun verða birt á [vefsvæði fjárfestatengsla](#) þar sem upplýsingar um fjárhagsdagatal og þögul tímabil eru einnig aðgengilegar.